

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Eyravegur 28-30 á Selfossi, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 20. mars 2024, í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi sem tekur til lóðarinnar Eyravegur 28-30 á Selfossi. Breytingin felst í því að gildandi nýtingarhlutfall fyrir lóðina er hækkað úr 1,14 í 1,5. Aðrar breytingar verða ekki á gildandi skilmálum. Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036, þar sem á miðsvæði (M6) er heimilt að vera með nýtingarhlutfall frá 1,0-2,5.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 22. mars 2024.

F.h. bæjarstjórnar,

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 25. mars 2024